



Fréttatilkynning  
27 June 2024 11:12:00 GMT

## Íslandsbanki hf.: Niðurstaða endurkaupatilboðs á almenntri skuldabréfaútgáfu bankans í evrum

EKKI TIL ÚTGÁFU, BIRTINGAR EÐA DREIFINGAR TIL BANDARÍKJANNA EÐA YFIRRÁÐASVÆÐA ÞESS (Þ.Á.M PÚERTÓ RÍKÓ, BANDARÍSKU JÓMFRÚAREYJAR, GVAM, BANDARÍSKA SAMÓA, VARSÍMAEYJAR EÐA NORÐUR-MARÍANAHEYJAR) EÐA HVERRAR ÞEIRRAR LÖGSÖGU ÞAR SEM HIÐ SAMA TELDIST BROT Á LÖGUM VIÐKOMANDI LÖGSÖGU (SJÁ NÁNAR TAKMARKANIR Í HJÁLAGÐRI TILKYNNINGU UM ENDURKAUPATILBOÐ).

Íslandsbanki hf. (hér eftir bankinn) tilkynnir í dag um niðurstöðu endurkaupatilboðs til eigenda 300 milljóna evra skuldabréfaútgáfu sem ber 7,375% vexti og er á gjalddaga 17. maí 2026 (ISIN: XS2553604690) (hér eftir skuldabréfin) gegn greiðslu reiðufjár (hér eftir endurkaupatilboðið), eins og nánar er lýst í hjálagðri tilkynningu.

Endurkaupatilboðið var tilkynnt þann 17. júní 2024 og var háð þeim skilmálum og skilyrðum sem er að finna í endurkaupatilboðslýsingunni (e. Tender Offer Memorandum) sem dagsett er 17. júní 2024, sem bankinn gaf út, og þeim breytingum sem gerðar voru á skilmálum endurkaupatilboðsins með tilkynningu bankans um endurofnun og framlengingu dags. 25. júní 2024.

Bankanum bárust gild tilboð að fjárhæð 272.657.000 evra að nafnvirði, sem nemur 90.89% af höfuðstól útistandandi skuldabréfa. Öll gild tilboð voru samþykkt. Ef bankinn uppfyllir skilyrði skilmála skuldabréfanna, þá hyggst bankinn nýta sér rétt sinn til að innleysa þau skuldabréf sem bankanum bárust ekki gild tilboð í og ekki voru samþykkt samkvæmt endurkaupatilboðinu, sem tilkynnt verður um í samræmi við skilmála skuldabréfanna.

Umsjónaraðilar (e. Joint Lead Managers) með endurkaupunum voru Deutsche Bank Aktiengesellschaft og NatWest Markets N.V.

### MAR legend - Tender offer

Þessi tilkynning er birt af Íslandsbanka hf. og inniheldur upplýsingar sem töldust eða kunna að hafa talist innherjaupplýsingar í skilningi 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) nr. 596 /2014 um markaðssvik (MAR), sbr. lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum, sem innihalda upplýsingar tengdar endurkaupatilboðinu sem lýst er hér að ofan. Tilkynning þessi er gerð af Ellerti Hlöðverssyni, fjármálastjóra Íslandsbanka hf., í samræmi við upplýsingaskyldu bankans samkvæmt MAR og 2. gr. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EU) 2016/1055.

### Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is

Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is



Fréttatilkynning  
27 June 2024 11:12:00 GMT

**Viðhengi**

**Íslandsbanki hf.: Niðurstaða endurkaupatilboðs á almennri skuldabréfaútgáfu bankans í evrum**  
**Íslandsbanki Tender Results Announcement**